

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps, verslunar- og þjónustusvæði, Kerbyggð, Seyðishólar.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 4. maí 2015 breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2008-2020 sem samþykkt var í sveitarstjórn þann 18. febrúar 2015.

Í breytingunni felst að hluta frístundabyggðar F24c er breytt í verslunar- og þjónustusvæði V9 fyrir gisti- og ferðaþjónustu.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 4. maí 2015.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.